


Innleiðing Cittaslow í Djúpavogsskóla

(sameinaður grunn-leik, og tónskóli á Djúpavogi)



Hugarkortið er unnið af elstu nemendum leikskólans Bjarkatúns

Júní 2017

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, verkefnisstjóri

Nafn skóla: Djúpvogsskóli, sem er sameinaður grunn-, leik- og tónskóli á Djúpvog

Nafn verkefnisins: Innleiðing Cittaslow

Nafn verkefnisstjóra: Bryndís Skúladóttir til loka maí 2016 en Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir tók við 1. júní 2016.

Númer samnings og ár: Númer 42. 2016-2017

1. Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- a) Markmiðið er að ala upp nýja kynslóð í Djúpvogshreppi sem tekur mið af hugmyndafræði Cittaslow. Hugmyndafræðin snýst um að auka lífsgæði og ánægju fólks nú og í framtíðinni með því að veita hnattvæðingu, einsleitni og hraðarártu viðnám og heiðra sérstöðu, vitund og sjálfbærni.
- b) Innleiða 7 þætti Cittaslow hæglætisstefnunnar inn í grunn- og leikskóla á tveimur árum.
- c) Kynna verkefnið sem víðast
- d) Vinna að gerð heimildamyndar um innleiðinguna

2. Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Formleg vinna við verkefnið hófst í upphafi skólaárs, haustið 2016. Fram að því var starfsfólk skólans í góðu samtalið að ræða hvernig best væri að vinna að verkefninu.

Strax í upphafi skólaárs var myndaður stýrihópur af 9 sjálfbóðaliðum, auk verkefnisstjóra en markmiðið með því var að fá breiðan hóp til að stýra verkefninu og koma því af stað. Í ágúst 2016 fengum við umhverfissálfræðinginn Pál Líndal í heimsókn, en hann kynnti hugmyndafræði Cittaslow upphaflega fyrir forsvarsmönnum Djúpvogshrepps og vinnur aðalskipulag Djúpvogshrepps út frá hugmyndum Cittaslow um hæglæti. Allt starfsfólk skólans sat þann fund og var hann mjög árangursríkur. Náðum við þar góðu samtali um Cittaslow og tilganginn með innleiðingunni. Var almenn ánægja með erindi Páls og var greinilegt að starfsfólkið fór tilbúnara inn í skólaárið að leggja sitt af mörkum við innleiðinguna.

Stýrihópurinn hittist 5x á formlegum fundum á skólaárinu, auk þess sem tölvupóstar og samskipti á Facebook voru töluverð þar sem menn skiptust á skoðunum og sendu á milli hugmyndir o.fl. Fundargerðir voru kynntar á almennum starfsmannafundum í grunn- og leikskólanum til að halda öllum upplýstum.

Fyrri verkefnisstjórinn hafði unnið gott vinnuplagg sem hópurinn studdist við til að byrja með en þegar leið á veturinn kom í ljós að aðrar aðferðir við innleiðinguna voru vænlegri til árangurs. Skv. því ætluðum við að innleiða alla 7 þætti Cittaslow inn í skólastarfið, í raun hvern á fætur öðrum en alls er um að ræða 72 viðmið sem þarf að uppfylla.

Eins og fram kom í umsókninni þá stóð til að sækja um í Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins og var það gert. Okkur til mikillar ánægju fengum við þann styrk en tilgangurinn með honum var að koma á samskiptum og heimsóknum milli Djúpvogsskóla og grunn- og leikskóla í Orvieto á Ítalíu. Erasmus+ styrkurinn nær til tveggja skólaára, þ.e. til vors 2018. 6 starfsmenn úr grunn- og leikskólanum heimsóttu Orvieto í janúar 2017 og þar hittum við fyrir Pier Giorgio Oliveti en hann er yfirmaður alþjóðlegu Cittaslow samtakanna. Eftir gott samtal við hann komumst við að því að skólarnir á Djúpvoggi voru sjálfkrafa orðnir Cittaslow skólar, þar sem sveitarfélagið var Cittaslow. Pier Giorgio lagði líka áherslu á það að við ættum ekki að innleiða verkefnið eftir því skipulagi sem við höfðum ætlað okkur, heldur væri betra að velja verkefni til að vinna með í skólunum sem myndu passa við yfirþættina 7.

Við sáum strax að þessi leið var betri – og náðum við góðum skipulagsfundi með starfsfólkinu í Orvieto áður en heim var haldið.

Þegar Ítalíuhópurinn kom aftur heim þá hittumst við í stýrihópnum og fórum yfir þessar nýju upplýsingar og kynntum síðan nýtt plan fyrir starfsfólki.

Ákveðið var að vinna með þrjú verkefni næstu tvö árin, þ.e.:

Vor 2017 Zero Waste – enginn úrgangur

Haust 2017 Gerð göngustíga í samráði við skipulagsyfirvöld

Vor 2018 Samstarf (foreldrasamstarf, samstarf við eldri borgara, fyrirtæki og félagasamtök)

Ástæðan fyrir því að þessi verkefni voru valin er sú að þau tóna við svo marga flokka af þeim 7 sem Cittaslow stendur fyrir.

Vorið 2017 vorum við búin að fá vilyrði fyrir heimsókn frá fulltrúa Landgræðslunnar til að vera með erindi og kennslu í sjálfbærni en því miður varð um forföll að ræða vegna veikinda í fjölskyldunni. Þess í stað fengum við sálfræðing til að fjalla um samskipti, líðan og ýmislegt fleira sem tónar mjög vel við áherslur Cittaslow

Varðandi heimildamyndina þá er búið að mynda mikið í vetur. Stefnt er að því að ljúka gerð myndarinnar sumar / haust 2018 og verður vonandi hægt að frumsýna hana fyrir árslok 2108.

3. Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Segja má að frávikin hafi ekki verið mikil frá áætlun verkefnisins en leiðin að markmiðinu breyttist eftir heimsóknina til Ítalíu, eins og fram kemur hér að ofan.

4. Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Helsta hindrunin var að komast af stað, finna rétta taktinn. En eftir að hafa hitt Pier Giorgio þá fór allt á fullt. Einnig má segja frá því hér – þó samskiptin við skólana í Orvieto falli ekki beint undir styrkinn frá Sprotasjóði þá skarast það að sjálfsögðu við innleiðinguna í okkar skóla – að þau gengi hægar fyrir sig en við héldum og vorum við því lengur að komast almennilega af stað en til stóð. Hitt er þó alveg ljóst að eftir fundinn okkar í janúar þá fóru hjólin að snúast.

5. Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefninu

Samhliða verkefninu hafa skólarnir verið að innleiða nýja aðalnámskrá og í grunnskólanum nýtt námsmat, ný hæfniviðmið aðalnámskrár í grunnskólann. Í vor þegar verið var að vinna með hæfniviðmið 4., 7. og 10. bekkjar var ákveðið að máta þau í leiðinni við markmið Cittaslow.

Þegar kennarar mæta til starfa næsta haust fá þeir því upplýsingar um hæfniviðmið í sinni kennslugrein auk þess sem þeir sjá hvaða hæfniviðmið aðalnámskrár tóna við viðmið Cittaslow og slá þannig tvær flugur í einu höggi.

Skólastjórar í grunn- og leikskólanum eru einnig að vinna að nýjum skólanámskrám, sem taka mið af nýjum aðalnámskrám grunn- og leikskóla. Við þá vinnum hafa þeir haft í huga viðmið Cittaslow og þegar nýjar skólanámskrár líta dagsins ljós má sjá áhrif og áherslur Cittaslow skína þar alls staðar í gegn.

Aðstoðarskólastjóri grunnskólans var í vetur að vinna í mastersritgerð sinni í Grunnskólakennarafræðum við Háskóla Íslands. Viðfangsefnið var Cittaslow og hvort og þá hvernig hægt væri að máta hugmyndafræði Cittaslow inn í lög sem snúa að rekstri sveitarfélaga og lög og námskrár sem snúa að grunnskólum. Þegar kynning á ritgerðinni fór fram fyrir skemmstu þá vakti hún mikla athygli hjá því háskólafólki sem á hlýddi og margir

aðrir hafa sýnt þessu mjög mikinn áhuga.

Helsti ávinningur við verkefnið er sá að við sjáum alltaf betur og betur hversu frábært tæki Cittaslow hugmyndafræðin er til að gera líf okkar betra. Við erum nú í hverri vikunni sem líður að stíga stærri og farsælli skref í því að auka lífsgæði okkar nemenda, starfsfólksins í skólanum og íbúa í þorpinu okkar. Gott samstarf hefur verið við sveitarstjórn, sveitarstjóra og ferða- og menningarmálafulltrúa Djúpavogshrepps en sveitarfélagið er enn á fullu í innleiðingarferlinu og þróun á verkefninu, alveg eins og við.

Mig langar líka að segja frá því, þó það falli ekki heldur undir styrkveitingu Sprotasjóðsins, að nemendur 8.-10. bekkjar heimsóttu Orvieto nú í maí og fengu vægast sagt frábærar móttökur. Hefur það styrkt nemendurna í að skilja og trú á verkefnið og þar sem unglingarnir okkar eru fyrirmyndir yngri nemenda þá hefur forvitni þeirra aukist og þau eru spenntari fyrir því sem koma skal af því að þau eru að átta sig á því að við erum að byrja á einhverju stórkostlegu.

6. Niðurstöður verkefnisins

Erfitt er að setja fingur á hverjar niðurstöður verkefnisins eru – enda erum við rétt byrjuð.

Við fórum örlítið hikandi af stað en vinnan í vetur hefur leitt okkur á rétta slóð. Við erum enn sannfærðari en áður að það að innleiða hægætishugmyndafræði inn í grunn- og leikskóla þessa lands mun í framtíðinni hjálpa til við að snúa til baka og smám saman náum við vonandi að hægja á færibandinu sem við erum föst á og þurfum alltaf að fara hraðar og hraðar þannig að við erum hætt að staldra við og njóta.

Við erum í vetur búin að vinna með:

a) Matarsóun

Nemendur í grunn- og leikskólunum skammta sér að mestu leyti sjálfir mat á diskana sína. Í lok hverrar máltíðar voru afgangar settir í fötu og þeir vigtaðir. Í grunnskólanum unnu nemendur á miðstigi með niðurstöður í stærðfræðitímum og var ánægjulegt að sjá að flesta daga var matarsóun lítil sem engin. Starfsmenn ræddu einnig við nemendur um nesti og mikilvægi þess að fara vel með matinn sinn.

Í báðum skólunum fer matarafgangurinn síðan á sveitabæi, þar sem hæurnar á bænum njóta góðs af og síðan geta íbúar í þorpinu keypt egg frá þessum góðu hænum. Þannig læra nemendur um hringrás matarins, hvað þetta varðar.

b) Flokkun

Í mörg ár hafa nemendur í grunn- og leikskólanum flokkað úrgangsefni sem til falla. Við erum svo heppin að í sveitarfélaginu okkar er mjög einfalt og þægilegt fyrir íbúa að flokka og skila af sér úrgangsefnum.

Í grunnskólanum er það þannig að í hverri kennslustofu eru 4-6 flokkunarkassar. Þar læra nemendur strax í fyrsta bekk að flokka plast, pappír, pappa, ál, matarafganga og almennt sorp. Í kennararými og á kaffistofu starfsfólks er sama kerfi þannig að allir starfsmenn þurfa að sinna flokkun.

Í leikskólanum eru flokkunarkassar frammi á gangi, í eldhúsi og á kaffistofu starfsfólks. Einu sinni í viku fara tveir elstu nemendur leikskólans af stað í allar vistarverur leikskólans, safna úrgangsefnum, setja fram í forstofu og koma síðan starfsmenn áhaldahúss bæjarins og taka flokkaða efnið og fara með það á flokkunarstöðina.

c) Samskipti

Í báðum skólunum höfum við unnið að því að bæta samskipti milli allra sem tilheyra skólasamfélaginu. Við leggjum mikið uppúr því að taka strax á vandamálum sem upp koma og þegar deilur verða þá látum við deiluaðila hjálpast að við að finna lausnir.

Samskipti milli yngri og eldri nemenda hafa alltaf verið mikil og góð og eru krakkarnir vanir að vinna þvert á bekk. Í vetur höfum við dýpkað þennan þátt enn frekar í skólastarfinu, t.d. með því að láta nemendur hjálpa að í kennslustundum (eldri kenna yngri), þeir sem eru sterkir í ákveðnum námsgreinum hjálpa þeim sem eru ekki eins sterkir o.s.frv. Samstarf milli grunn- og leikskólans eykst í sífellu og dvöldu nemendur leikskólans t.a.m. tvær vikur í grunnskólanum í vor til að auðveld þeim aðlögun fyrir grunnskólagönguna í haust.

Starfsfólk skólanna vinnur sameiginlega að því að bæta hag allra barna og starfsmanna í skólanum. Við fengum síðan sálfræðing frá Reykjavík með námskeið í vor en þar fjallaði hann sérstaklega um samskipti, hvernig bæta má starfsanda og mikilvægi þess að hver og einn beri ábyrgð á sinni hegðun.

Frá því að við fórum til Orvieto í janúar hafa starfsmenn skólunum hér og þar verið duglegir að mynda tengsl t.d. með tölvupósti, en þó aðallega á sameiginlegri facebook síðu verkefnisins. Það hefur verið gert með því að senda upplýsingar um verkefni sem verið er að vinna á báðum stöðunum sem tengjast hugmyndafræði Cittaslow. Sem dæmi má nefna myndir og listaverk þar sem Cittaslow snigillinn gegndi stóru hlutverki.

Nemendur á yngsta stigi skólans sendu myndir á milli landanna.

d) Heimildamynd

Ein af starfsliði skólans er menntuð sem kvikmyndagerðarmaður. Hún tók að sér það verkefni að vinna að gerð heimildamyndar um innleiðinguna því eins og komið hefur fram er þessi hugmyndafræði algerlega ný hér á Íslandi og Djúpavogsskóli eini skóli landsins sem er að innleiða hana eins og er. Allt frá því við höfum að funda í haust, ferðalagin tvö til Orvieto, ýmsir viðburðir sem verið hafa á árinu bæði í grunn- og leikskólanum hafa verið myndaðir í bak og fyrir. Hún hefur rætt við nemendur á báðum skólastigunum, aðeins við starfsfólk og er búin að taka upp heilmikið af efni.

7. Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Við erum nú þegar farin að kynna verkefnið okkar. Verkefnisstjóri – sem er jafnframt skólastjóri Djúpavogsskóla hefur, ásamt aðstoðarskólastjóranum kynnt þetta stuttlega fyrir skólastjórnendum í grunnskólum á Austurlandi auk þess sem leikskólastjóri hefur kynnt verkefnið fyrir leikskólastjórum á Austurlandi.

Verkefnið hefur verið kynnt á heimasíðu skólans, á foreldrafundum í grunn- og leikskólanum og í Bóndavörðunni, sem er bæjarblað Djúpavogshrepps.

Verkefnið var einnig kynnt á fundið Norðurlandadeildar Cittaslow sem haldinn var á Djúpavogi vorið 2016 auk þess sem sagt var stuttlega frá því á fundi alheimssamtakanna sem haldinn var í Ástralíu í maí 2017.

Verkefnisstjóri er nú að vinna stóra frétt um Cittaslow í Djúpavogsskóla þar sem tæpt verður á vinnu vetrarins og mun þar koma fram að Sprotasjóður hafi styrkt verkefnið sl. skólaár og að við höfum verið svo lánsöm að fá aftur styrk.

Síðan ætlum við; ég og aðstoðarskólastjóri grunnskólans að óska eftir því að fá að vera með málstofu á ársfundi Skólastjórafélags Íslands sem verður haldinn í Reykjavík um miðjan október í haust.

Auk þess má geta þess að ferða- og menningarmálafulltrúi Djúpavogshrepps hefur farið í þrjú sveitarfélög til að kynna Cittaslow þar og ef þau ákveða að taka stökkið og sækja um inngöngu í Cittaslow þá er mjög líklegt að horft verði til okkar þegar kemur að því að innleiða viðmið Cittaslow í skólana.

8. Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Eins og fram kom hér á undan fóru 6 starfsmenn grunn- og leikskólans til Orvieto í janúar sl. Þar náðum við mjög góðri tengingu við Pier Giorgio, yfirmann höfuðstöðva Cittaslow í Orvieto. Hann hefur um nokkurt skeið verið með hugmynd í maganum, þ.e. að stofna formlega verkefni innan Cittaslow sem kallast „Cittaslow Education“. Það er mjög gleðilegt að segja frá því að Pier Giorgio fór þess á leit við sveitarstjórn Djúpavogshrepps að þessi alheimsstofnfundur verði haldinn hér á Djúpavogi 25. september 2017, í tengslum við „Cittaslow Sunday“ sem haldinn er síðasta sunnudag í september ár hvert. Hefur sveitarstjórnin samþykkt þetta. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri grunnskólans hittu fulltrúa sveitarfélagsins á fundi og er mikill hugur í okkur að gera þennan viðburð sem stærstan, vonandi með þátttöku frá skólafólki á Austurlandi – og jafnvel Íslandi öllu, fulltrúum frá sveitarstjórnarstiginu, fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu o.fl. o.fl. Auk þess er gaman að segja frá því að Carlo Petrini, stofnandi Slow Food International heimsótti Djúpavogshrepp nú nýverið og var með skemmtilegt erindi um hægð, virðingu og mikilvægi þess að við stöðrum við og lærum aftur að njóta lífsins af innlifun og gleði.

9. Næstu skref

Næstu skref í verkefninu verða að halda áfram á sömu braut. Við ætlum að taka öll verkefni lengra á næsta ári, vinna meira með matarsóun og hugmyndin er að í heimilisfræðikennslunni verði reynt að vinna eins mikið og hægt er með hráefni úr heimabyggð.

Varðandi flokkunina þá langar okkur að virkja nemendur enn frekar og gera þá ábyrgari fyrir flokkun í sínum kennslustofum, jafnvel skipa umsjónarmenn hvernar viku sem sjái um að halda öllum á tánum. Þá ber að geta þess að list- og verkgreinakennarar skólans hafa verið einstaklega duglegir að nýta efni sem til fellur og endurnýta það sem hægt er. Lögð verður áhersla á slík vinnubrögð áfram.

Við berum miklar vonir til samstarfsins við skólana á Ítalíu og okkur langar að koma á samskiptum milli nemenda þ.e. að nemendur noti alla mögulega nútímataækni til að skrifast á, skiptast á upplýsingum, jafnvel vinna að sama verkefninu og kynnast enn betur. Hægt er að nota ýmsa samskiptamiðla til þess. Í september fáum við heimsókn frá sex kennurum frá Orvieto þar sem samskipti milli skólanna verða aukin. Auk þess er stefnt að því að auka samskipti skólans við aðila sveitarfélagsins, t.d. eldri borgara og atvinnulífsins. Það eru mjög spennandi verkefni.

Áfram verður unnið að gerð heimildamyndarinnar og hún vonandi sýnd á næsta ári. Upplýsingar þar að lútandi verða sendar til forsvarsmanna Sprotasjóðsins og þess getið að myndin hafi hlotið styrk þaðan.

Síðan munum við í haust vinna með gerð göngustíga í samvinnu við skipulagsyfirvöld í sveitarfélaginu.

10. Lokaorð

Allir sem hafa kynnt sér verkefnið okkar hafa list á því áhuga – það er einfaldlega vegna þess að það er áhugavert. Starfsmenn skólans eru í æ ríkara mæli að átta sig á því að við erum komin með frábært tæki í hendurnar til að vinna ofan af þeim mikla hraða sem einkennir okkar þjóðfélag nú á tímum. Við þurfum að hægja á færibandinu sem við erum að hlaupa eftir, ekki finna í sífellu leiðir til að geta haldið sama hraða eða jafnvel bæta í, heldur hægja á – njóta og átta okkur á því að við verðum að velja og hafna. Við getum ekki gert allt. Í


samtölum okkar í milli nú á lokadögum skólans í vor mátti heyra mikinn mun á því hvernig við unnum með alla þætti skólastarfsins. Vorum í sífellu að minna okkur á og máta okkur við hugmyndafræðina. Tókum U-beygjur nokkrum sinnum þegar kom að því að velja leiðirnar að markmiðunum. Þá er mjög spennandi að máta hugmyndafræði Cittaslow við hæfniviðmið aðalnámskrár og erum við búin að vinna drög að því hvernig við ætlum að ná hæfniviðmiðum aðalnámskrár með því að nota hugmyndafræði Cittaslow. Það er frábært tæki fyrir okkur í skólunum því þar erum við að slá tvær flugur í einu höggi.

Við þurfum á næstu árum að kynna þetta enn betur fyrir foreldrum en sterkasta vopnið eru börnin. Ef við náum að kenna þeim að hlúa að sérstöðu, fagna fjölbreytileikanum og virða sig og náungann þá er markmiðinu náð, því þessir þrír þættir fanga að stærstum hluta það sem Cittaslow stendur fyrir.

Djúpivogur 30. júní 2017



**DJÚPAVOGS-
SKÓLI**
Skólastjóri


Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, verkefnisstjóri
og skólastjóri Djúpavogsskóla